



Afkomutilkynning
Reykjavík, 8. maí 2008

Uppgjör TM fyrir 1. ársfjórðung 2008

Helstu niðurstöður 1. ársfjórðungs 2008

- Tap ársfjórðungsins nam 3.271 m.kr. en hagnaður á sama tíma í fyrra var 886 m.kr.
- Eigin iðgjöld jukust um 34% en þau voru 3.176 m.kr. samanborið við 2.378 m.kr. á sama tíma í fyrra.
- Eigin tjón jukust um 41% en þau voru 3.327 m.kr. samanborið við 2.362 m.kr. á sama tíma í fyrra.
- Samsett hlutfall samstæðunnar var 127% samanborið við 119% á sama tíma í fyrra.
- Rekstrartap af váttryggingastarfsemi var 318 m.kr. samanborið við 5 m.kr. tap á fyrsta ársfjórðungi 2007.
- Tap af fjárfestingum nam 2.141 m.kr. á tímabilinu en tekjur af fjárfestingastarfsemi voru 1.898 m.kr. árið áður.
- Heildareignir TM voru 75.858 m.kr. þann 31. mars 2008 og hafa því aukist um 7,7% frá áramótum þegar þær voru 70.444 m.kr.

Um uppgjörið

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, segir að áfram verði unnið að því að bæta afkomu af váttryggingastarfsemi TM. Eigin iðgjöld vaxa um þriðjung milli ára sem skýrist af því að iðgjaldtekjur eru að vaxa um 28% á sama tíma og hluti endurtryggjenda er að minnka. Mikill fjöldi tjóna í eignatryggingum og frjálsum ökutækjatryggingum á fyrsta ársfjórðungi stafar af óvenju slæmum vetri. Ánægjulegt er hinsvegar að sjá þann viðsnúning sem hefur orðið í slysatryggingum sjómanna en iðgjaldauppbyggingu í þeirri grein var breytt umtalsvert um síðustu áramót.

Afkoma skipatrygginga hjá Nemi í Noregi var verulega undir væntingum og skýrir stóran hluta af slakri afkomu af váttryggingastarfsemi samstæðunnar á fjórðungnum. Hafa ber þó í huga að þarna eru margar stórar áhættur og getur eitt mál haft veruleg áhrif á afkomu greinarinnar sem var rekin með töluverðum hagnaði í fyrra.

Afkoma félagsins af fjárfestingastarfsemi skýrir mestan hluta neikvæðrar afkomu á fjórðungnum og endurspeglar hún þá þróun sem orðið hefur á hlutabréfamörkuðum síðustu mánuði. Markaðsáhætta félagsins hefur hins vegar verið minnkuð verulega á fjórðungnum bæði með niðurgreiðslu skulda og sölu hlutabréfa.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Viðarsson forstjóri, s. 515 2609 .



Lykiltölur úr rekstri Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Í þús kr.	1. ársfj. 2008	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007	1. ársfj. 2007
Eigin iðgjöld	3.175.858	2.769.418	2.741.552	2.653.829	2.377.804
Fjárfestingatekjur	(2.140.668)	(432.199)	254.741	2.175.946	1.898.421
Hreinar tekjur	1.035.190	2.337.219	2.996.293	4.829.775	4.276.225
Eigin tjónakostnaður	(3.327.027)	(2.598.484)	(2.408.224)	(2.176.231)	(2.361.763)
Annar rekstrarkostnaður	(876.765)	(856.120)	(789.352)	(773.953)	(540.875)
Kostnaður alls	(4.203.792)	(3.454.604)	(3.197.576)	(2.950.184)	(2.902.638)
Rekstrarhagnaður (-tap)	(3.168.602)	(1.117.385)	(201.283)	1.879.591	1.373.587
Fjármagnsgjöld	(359.799)	(428.039)	(428.506)	(272.358)	(324.197)
Virðisryrnun útlána	(202.859)	14.130	(24.709)	(3.375)	(4.587)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfél.	4.177	10.346	4.748	5.892	3.922
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(3.727.084)	(1.520.948)	(649.750)	1.609.750	1.048.725
Tekjuskattur	455.689	4.023.701	94.335	(68.135)	(162.421)
Hagnaður (tap) tímabilsins	(3.271.395)	2.502.753	(555.415)	1.541.615	886.304
Skiptist á:					
Hluthafa móðurfélags	(3.287.718)	2.493.517	(556.483)	1.536.365	882.524
Hlutdeild minnihluta	16.323	9.236	1.069	5.250	3.780
	(3.271.395)	2.502.753	(555.415)	1.541.615	886.304

Helstu kennitölur og upplýsingar:

	2008 1F %	2007 1F %
Kennitölur úr váttryggingarekstri		
1. Eigin tjón af eigin iðgjöldum	104,8	99,3
2. Annar rekstrarkostnaður af eigin iðgjöldum	22,6	19,2
3. Samsett hlutfall.....	127,3	118,5
4. Fjárfestingartekjur af eigin iðgjöldum	17,3	18,3
5. Hlutföll 3 - 4	110,0	119,4
Aðrar kennitölur		
6. Arðsemi eiginfjár.....	-	16,3
7. Eiginfjárlutfall.....	31,3	28,8
	kr.	kr.
8. Afkoma á hverja krónu nafnverðs hlutafjár.....	-3,02	0,82
9. Meðalfjöldi útistandandi hluta (þús kr.).....	1.081.639	1.081.639

Lykiltölur úr efnahagsreikningi

Í þús. kr.	31.3.2008	31.12.2007	Breyting
Eignir samtals	75.857.559	70.443.892	7,7%
Eigið fé hluthafa móðurfélags	23.413.338	25.297.044	-7,4%
Hlutdeild minnihluta	334.958	318.634	5,1%
Skuldir samtals	52.109.263	44.828.214	16,2%



Rekstrarreikningur

Tap tímabilsins nam 3.271 m.kr. en hagnaður var 886 m.kr. á sama tíma í fyrra. Rekstrartap fyrir fjármagnsgjöld og hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага er 3.169 m.kr. en rekstrarhagnaður var 1.374 m.kr. á 1. ársfjórðungi 2007.

Afkoma á hlut á 1. ársfjórðungi 2008 nam -3,04 krónum samanborið við 0,82 krónur á hlut í hagnað á árinu 2007.

Tekjur

Bókfærð iðgjöld tímabilsins námu 9.844 m.kr. samanborið við 8.675 m.kr. á sama tíma í fyrra og hækka því um 13,5%. Eigin iðgjöld tímabilsins námu 3.176 m.kr. og hækka um 33,6% frá sama tíma í fyrra þegar þau námu 2.378 m.kr.

Tap á fjárfestingum nam 2,141 m.kr. en fjárfestingatekjur voru 1.894 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Gjöld

Bókfærð tjón á 1. ársfjórðungi námu 5.050 m.kr. samanborið við 3.272 m.kr. á 1. ársfjórðungi 2007 og hækka því um 54%.

Rekstrarkostnaður á 1. ársfjórðungi 2008 nam 877 m.kr. samanborið við 541 m.kr. á árinu 2007.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsgjöld námu 360 m.kr. á tímabilinu samanborið við 324 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Efnahagsreikningur

Eignir

Heildareignir TM þann 31. mars 2008 voru 75.858 m.kr. Í árslok 2007 námu þær 70.444 m.kr. Eignir félagsins hafa því hækkað um 7,7% frá áramótum.

Eigið fé og skuldir

Eigið fé TM er 23.748 m.kr. og lækkar um 1.867 m.kr. frá áramótum. Um 2.098 m.kr. voru greiddar í arð á tímabilinu.

Skuldir félagsins námu 52.109 m.kr. 31. mars 2008 og hækka þær um 7.281 m.kr. frá áramótum sem skýrist helst af hækkun váttryggingaskuldar og viðskiptaskulda.

Sjóðstreymi

Handbært fé til rekstrar var 1.612 m.kr. á tímabilinu en á sama tíma í fyrra var handbært fé til rekstrar 366 m.kr.

Handbært fé lækkaði um 3.745 m.kr. frá áramótum og stendur í 9.226 m.kr. þann 31. mars 2008.

Þróun rekstrar

Hér á eftir má sjá afkomu einstakra starfsþátta og þróun á milli fyrsta ársfjórðungs 2008 og fyrsta ársfjórðungs 2007. Samstæðunni er skipt upp í þrjá rekstrarstarfsþætti: skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur.



Afkoma starfsþátta á fyrsta ársfjórðungi 2008

Í þús. króna	Skaðatr.rekstur		Líftryggingarekstur		Fjármálarekstur		Samstæða	
	1F 2008	1F 2007	1F 2008	1F 2007	1F 2008	1F 2007	1F 2008	1F 2007
Eigin iðgjöld	3.123.863	2.345.364	51.995	32.440			3.175.858	2.377.804
Fjárfestingatekjur	539.706	433.048	11.109	1.640	(2.691.484)	1.463.733	(2.140.669)	1.898.421
Hreinar tekjur	3.663.569	2.778.412	63.104	34.080	(2.691.484)	1.463.733	1.035.190	4.276.225
Eigin tjónakostnaður	(3.317.435)	(2.358.454)	(9.592)	(3.309)			(3.327.027)	(2.361.763)
Annar kostnaður	(687.850)	(428.623)	(29.324)	(26.823)	(159.592)	(85.429)	(876.766)	(540.875)
Kostnaður alls	(4.005.285)	(2.787.077)	(38.916)	(30.132)	(159.592)	(85.429)	(4.203.792)	(2.902.638)
Rekstrarhagnaður (-tap)	(341.716)	(8.665)	24.188	3.948	(2.851.076)	1.378.304	(3.168.602)	1.373.587
Fjármagnsgjöld					(359.800)	(324.197)	(359.800)	(324.197)
Virðisryrnun útlána					(202.859)	(4.587)	(202.859)	(4.587)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага					4.177	3.922	4.177	3.922
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(341.716)	(8.665)	24.188	3.948	(3.409.558)	1.053.442	(3.727.084)	1.048.725
Tekjuskattur							455.689	(162.421)
Hagnaður (tap) tímabilsins							(3.271.395)	886.304
Skiptist á:								
Hluthafa móðurfélags							(3.287.718)	882.524
Hlutdeild minnihluta							16.323	3.780
							(3.271.395)	886.304

Rekstrarhorfur og framtíðarsýn

Á síðasta ári var markvisst unnið að því að bæta afkomu váttryggingarekstrar, sérstaklega hvað varðar slysatryggingar sjómanna. Þær aðgerðir sem gripið var til hafa nú þegar skilað sér á fyrsta ársfjórðungi 2008. Áfram verður unnið að því að bæta afkomu í frjálsum ökutækjatrýggingum. Rétt er þó að taka fram að tjónakostnaður er háður miklum sveiflum og getur haft afgerandi áhrif á afkomu váttryggingastarfseminnar.

Endurskoðun

Árshlutareikningurinn er óendurskoðaður. Stjórn og forstjóri TM hafa í dag samþykkt árshlutareikning félagsins fyrir 1. ársfjórðung 2008. Hann er að finna á vefsíðu félagsins www.tm.is.